

Ályktun um byggðakvóta

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal, 16. og 17. september 2025, hvetur stjórnvöld til að standa vörð um byggðakvótann og tryggja að önnur uppbygging innan sjávarútvegs og tengdra greina verði ekki á kostnað hans.

Fjórðungsþingið leggur jafnframt áherslu á að áður en breytingar eru gerðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu eða ráðist í aðgerðir sem geta haft áhrif á byggðakvótann, verði gerð heildstæð greining á áhrifum slíkra breytinga á byggðir landsins og sérstaklega á stöðu viðkvæmra byggða.

Greinagerð:

Byggðakvóti er eitt af lykiltækjum stjórnvalda til að styðja við atvinnu og byggð í sjávarbyggðum víðs vegar um landið. Markmið hans er að tryggja að hluti af fiskveiðiauðlindinni nýtist til að efla og viðhalda atvinnustarfsemi í byggðum sem annars gætu átt í erfiðleikum með að halda uppi sjálfbæru mannlífi.

Byggðakvóti hefur sérstaklega mikið vægi á Vestfjörðum samanborið við aðra landsfjórðunga.

Byggðakvóti stuðlar að heilsárs störfum, atvinnu og búsetu í dreifðum byggðum með því að skapa og viðhalda störfum í sjávarútvegi og tengdum greinum á stöðum þar sem fá önnur atvinnutækifæri eru fyrir hendi. Hann tryggir að hluti af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar renni beint til minni byggða í stað þess að safnast á fárra hendur.

Með aukinni fiskvinnslu og hafnarumsvifum eykst tekjustofn sveitarfélaga og svigrúm til uppbyggingar grunnþjónustu, sem aftur eykur líkur á áframhaldandi búsetu. Byggðakvóti styður þannig við jafnvægi í byggðaþróun, vinnur gegn samþjöppun aflaheimilda og styrkir fjölbreytni í atvinnulífi landsins, sem er forsenda heilbrigðs efnahagskerfis og samfélags.